



Fundargerð

**Stjórn VJP - 117. fundur stjórnar VJP haldinn Fjarfundur,
10. apríl 2018, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Ármann Höskuldsson formaður, Guðrún Áslaug Jónsdóttir varaformaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir aðalmaður, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sigmundur Einarsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Sigríður Ruth Magnúsdóttir aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður og Halldór Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Ruth Magnúsdóttir, stjórnarmaður.
Anton Freyr Birgisson varafulltrúi Ferðamálasamtaka situr fundinn.

Fulltrúi SAMÚT gerir athugasemdir við að boðun þessa fundar er ekki í samræmi við starfsreglur sem stjórn setti sér sjálf fyrir stuttu síðan.

Fulltrúi SAMÚT gerir athugasemdir við að formlegum óskum um að eftirfarandi fundarefni verði tekin á dagskrá fundarins var ekki sinnt og telur það brot á starfsreglum stjórnar:

1. Gallar í Stjórnar og verndaráætlun sem nú er í kynningu.
2. Vinnubrögð stjórnar við gerð Stjórnar og verndaráætlunar.
3. Óviðeigandi framkoma stjórnarformanns í garð fulltrúa SAMÚT.
4. Yfirlýsing stjórnarformanns um að Stjórnar og verndaráætlun verði opnuð sérstaklega til að breyta ákvæðum vegna Vonarskarðs ef þess þarf, verði endurrtekin og staðfest með bókun.

Fulltrúi SAMÚT telur að yfirstjórn VJP sé í rauninni óstarfhæf vegna fjölmargra inni vandamála og hafi verið það um nokkra hríð. Gerir alvarlega athugasemd við að haldið sé til streitu kynningarferli á Stjórnar og verndaráætlun sem var afgreidd af stjórn VJP með stórgölluðum vinnubrögðum í þessu upplausnarástandi. Útgáfan sem er til kynningar er ekki einu sinni í fullu samræmi við ákvarðanir stjórnar. Krefst þess að kynningin verði afturkölluð tafarlaust og undirbúningsvinna stjórnar verði endurtekin síðar þegar starfhæft ástand verður komið í yfirstjórn þjóðgarðsins.

1. Reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð - 1709004

Reglugerð um (8) breytingu á reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð. Breytingin á reglugerðinni snýr að gerð samninga við rekstraraðila innan þjóðgarðs. Reglugerðarbreyting var afgreidd frá stjórn 8. nóvember 2017. Breyting hefur orðið á drögum að reglugerðarbreytingu frá því stjórna afgreiddi reglugerðina frá sér.

Gestir

Víðir Smári Petersen, lögmaður - 00:00

Stjórn samþykkir að reglugerðarbreytingin verði send í lögbundið umsagnarferli.

2. Atvinnustefna - 1709017

Framhald umræðu. Reglugerðarbreyting um gjaldtöku og samninga við aðila sem nýta sér Vatnajökulsþjóðgarð í sinni starfsemi

Gestir

Víðir Smári Petersen lögmaður - 00:00

Lagt fram til kynningar. Drögum að atvinnustefnu og afgreiðslu samninga vísað til stjórnarfundar í maí.

3. Reglugerð: gjaldtaka í þjóðgarðinum 2018 - 1710002

Gjaldskrá 2018

Gestir

Víðir Smári Petersen lögmaður - 00:00

Lagt fram til kynningar. Formaður greindi frá áformum um að samræma gjaldskrár milli þjóðgarða. Áheyrnarfulltrúi ferðapjónustu óskar eftir nánari skilgreiningu á "svæðisgjöldum" og hvað felst í breyting úr þjónustugjaldi í svæðisgjald. Áheyrnarfulltrúi útivistasamtaka tekur undir þessa fyrirspun. Málinu er vísað til maífundar stjórnar.

4. Skaftafell - gjaldtaka á bílastæðum - 1709014

Framkvæmd þjónustugjalda og útboð á búnaði fyrir árið 2018

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 00:00

Víðir Smári Petersen lögmaður - 00:00

Fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðu gjaldtöku á bílastæðum í Skaftafelli. Stjórn samþykkir að framlengja samning um gjaldtöku í Skaftafelli við Computer Vision þar til aðili tekur við innheimtu í kjölfar útboðs. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram gögn um samþykkt samráð við bílaleigur á maífundu stjórnar. Stjórn leggur áherslu á að fundin verði lausn á gjaldtöku á bifreiðum á erlendum númerum.

5. Aukafjárveitingar 2018 - 1804002

Kynning á aukafjárveitingum vegna landvörslu og ráðstöfun þeirra.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri - 00:00

Fyrir liggur ákvörðun ráðuneytisins um 78 m.kr. aukafjárveitingu til landvörslu ásamt tillögu að skiptingu fjármuna til svæðanna. Áður en stjórn tekur ákvörðun um skiptingu fjármunanna telur stjórn eðlilegt að leitað verði samráðs við þjóðgarðsverði, sem fara með rekstur svæðanna og formenn svæðisráða líkt og verið hefur undanfarin ár. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita samráðs við þjóðgarðsverði og í kjölfarið muni stjórn afgreiða málið á aukafundi.

6. Ráðuneyti - samskipti - 1804001

Sjá svar til ráðuneytis við spurningum vegna reksturs 2018. Spurningum til stjórnar þarf stjórn að taka afstöðu til. Sjá skjal um samskipti

Lagt fram til kynningar.

7. Deiliskipulag Jökulsárlón: breyting - 1709015

Farið yfir stöðu mála

Stjórn samþykkir að bjóða út búnað vegna bráðabrigðasalerna við Jökulsárlón.

9. Skógarvarðarhús í Ásbyrgi - framtíðarnýting - 1711008

Drög að samningi við Skógræktina vegna Ásbyrgis

Lagt fram til kynningar.

10. Rekstur 2018 - 1802007

Lögð fram greinagerð framkvæmdarstjóra og fjármálastjóra um rekstur 2018

Fengist hefur 25 milljóna fjárveiting gegnum innviðasjóð til að byggja bráðabrigðasalerni við Jökulsárlón.

Málinu frestað til næsta stjórnarfundar.

8. Framkvæmdaryfirlit staðan - 1709009

Framkvæmdaáætlun - úthlutun úr Innviðasjóði

Lagt fram til kynningar.

Fulltrúi ferðapjónustuaðila óskar eftir að bóka að tími sem ætlaður er fyrir fundinn sé of knappur til að ræða þau mikilvægu mál sem eru á dagskrá fundarins. Fulltrúi SAMÚT tekur undir bókunina.

Fundi slitið kl. 10:30.
